

Þingeyjarsveit
Gígur
660 Mývatn

Reykjavík, 7. nóvember 2024
UST202410-253/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá-Hellukot

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Þingeyjarsveitar, fyrir hönd Birgis Valdimars Haukssonar, dagsett 28. október 2024, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til byggingar íbúðarhús innan lóðar Hellukots. Um er að ræða lágrest einnar hæðar hús innan bæjartorfu Grímstaðarbæja. Húsið yrði byggt sem hefðbundið timburhús með steyptri botnplötu. Teikningar af fyrirhugaðri byggingu ásamt afstöðumynd fylgdi með umsókn. Húsið yrði staðsett á áður röskuðu landi og myndi samnýta heimreið með öðrum lóðum. Hreinsivirki verður staðsett innan lóðar og verður ítarlegri en 2 þrepa. Ráðgert er að hefja framkvæmdir haustið 2024 og stefnt að því að þeim ljúki haustið 2025

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar þann 28. október 2024 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 1. nóvember 2024. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að hún þar sem fyrirhuguð húsbygging er í samræmi við ákvæði í skipulagi og fer ekki gegn verndaráætlun Mývatns og Laxár leggist hún ekki gegn framkvæmdinni. Húsið er lágrest, inni á milli bygginga á svæðinu og ef raski verður haldið í lágmarki og vel gengið frá að framkvæmdum loknum ætti framkvæmdin ekki að hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru svæðisins til lengri tíma. Framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar á þegar röskuðu landi og yrði byggingin staðsett meira en 100 metrum frá vatnsbakka. Áætlað er að íbúðarhúsið verði lágrest eða

hús á einni hæð og uppfylli kröfur um fráveitu. Samnýta á heimreið sem nú þegar hefur verið lögð og aðeins gert ráð fyrir vegstubbi frá henni að nýju lóðinni. Allt eru þetta þættir sem draga ætti úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Þingeyjarsveit fyrir hönd Birgis Valdimarssonar fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis við Hellukot innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Mannvirkið skal falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir framkvæmdinni.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir

sérfræðingur